

9

22. apríl

## AUGLÝSING

um að Ísland hafi gengið að alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London þann 31. maí 1929.

Þann 6. jan. 1933 var afhent í utanríkismálaráðuneytinu brezka tilkynning um, að Ísland gangi að alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929.

Samkvæmt 64. grein samningsins gekk hann því í gildi fyrir Ísland þann 6. apríl 1933.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 22. apríl 1933.*

Ásgeir Ásgeirsson.

10

29. maí

## OPIÐ BRÉF

um þingsuppsögn.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér viljum hér með veita yður sem Vorum forsætisráðherra umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þegar það hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

*Gjört á Amaliuborg, 29. maí 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

Ásgeir Ásgeirsson.